

AUGLÝSING

um deiliskipulag Víðihlíðar og nágrennis, Grindavíkurbæ.

Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar samþykkti þann 30. ágúst 2016 nýtt deiliskipulag Víðihlíðar og nágrennis. Skipulagssvæðið afmarkast af Austurvegi til suðurs, Hópsbraut til austurs og opnu svæði og vesturmörkum lóðar dvalarheimilis aldraðra til vesturs.

Gert er ráð fyrir að heimilað verði að reisa allt að 92 nýjar íbúðir í rað-, par- og fjölbýlishúsum á svæðinu ásamt viðbyggingu við dvalarheimilið Víðihlíð. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Grindavík, 18. október 2016.

Ármann Halldórsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 1. nóvember 2016